

Miðvikudaginn 9. mars 1988.

Nr. 104/1987. **Borgarstjórnin í Reykjavík**

f.h. borgarsjóðs

(Magnús Óskarsson hrl.)

gegn

Hannes Kr. Davíðssyni

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Gagnaöflun.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Sigurður Reynir Pétursson hæstaréttarlögmaður.

Áður en mál þetta verður dæmt þykir rétt að endurupptaka það skv. 120. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936, sbr. 58. gr. laga nr. 75/1973 og veita málsaðilum kost á að afla skoðunar- og matsgerða dómkvaddra sérfræðinga um eftirgreind atriði:

1. Rökstuddrar greinargerðar um hugsanlega kosti hiðna fyrirhuguðu lofta umfram þau loft sem fyrir eru og þá einkum um mismunandi möguleika á notkun dagsbirtu til lýsingar á sýningar-sölunum.

2. Hvort unnt sé að koma við fullnægjandi lýsingu án þess að raska núverandi loftvirkjum eða lýta þau og þá hvernig?

3. Kostnaðaráætlanir í hverju tilviki ásamt áætlunum um hugsanlegan fjárhagslegan ávinning af frýjanda af breytingunum.

Á l y k t a r o r ð:

Aðiljum veitist kostur á því að afla framangreindra skýrslna-